

Borgarbókasafnið á tímum COVID - 19

Covid á bókasafninu

- Febrúar: Starfsmenn herða á þrifum, allar bækur sótthreinsaðar við skil, snertifletir þrifnir reglulega og gætt að fjarlægðarmörkum
- 17. mars: 100 manna samkomubann skellur á. Framhaldsskólar og háskólar loka og bókasöfn þeim tengd einnig. BBS áfram opið. Bókabíllinn Höfðingi og sögubíllinn Æringi hætta að keyra.
- 24. mars: 20 manna samkomubann og bann við starfsemi safna. BBS lokar
- 4. maí: 50 manna samkomubann og söfn mega opna á ný. Öll söfn Borgarbókasafsins opna utan Sólheimasafns sem fékk óvænt og langþráð viðhald
- 25. maí: Höfðingi og Æringi keyra af stað á ný.

Áætlaður tekjumissir vegna Covid-19

7.2 milljónir tekjutap alls

- 3.5 milljónir vegna sekta
- 2.6 milljónir vegna skírteina
- 200 þús vegna menningarkorta
- 600 þús vegna annarra tekna

Tekjutap

Helstu ástæður áætlaðs tekjutaps

- Borgarbókasafnið var lokað í 42 daga.
- Síðasti skiladagur safngagna var 14. maí.
- Skírteini voru framlengd um 42 daga (6 vikur)

Hvernig mætum við tekjutapi?

- Gerum ráð fyrir að seinka ráðningum þar sem hægt er og við höfum þegar gert það.
- Reynum að draga úr kostnaði eins og kostur er
- Úlfarsárdal seinkar miðað við áætlanir og þar sparast

Hvaða áhrif COVID-19 á starfsemi Borgarbókasafnsins?

Skammtíma:

- Mjög rólegt fyrstu dagana eftir opnun en er byrjað að glæðast
- Fólk skilar og tekur en staldrar ekki við í söfnum
- Engir viðburðir hefur verið í söfnum frá 17. mars
- Fleiri sumarsmiðjur fyrir börn áætlaðar en fyrri sumur. Þær eru að fyllast og kominn biðlisti
- Dagskrá í OK-inu í Gerðuberg aukin – fáum aukastarfsmann þar í gegnum séráttak
- Söfnin sérstaklega hrein og snyrtileg og verkefni sem höfðu setið á hakanum verið unnin upp

Langtíma:

- Rafbókasafnið fékk góða kynningu og aukning í samtímanotendum
- Fyrri kreppur segja okkur að aðsókn og útlán muni aukast
- Lærdómur af ýmsu. Stefnum m.a. að auknu streymi frá viðburðum
- Fiktvarpið varð til og verður þróað áfram og vonandi fleiri rafræn verkefni
- Tími gafst fyrir stórar breytingar á innviðum sem voru á teikniborðinu, svo sem í Grófinni og í Gerðubergi.
- Ný fundarmenning?

DÆMI UM VERKEFNI Í LOKUN:

Skrifstofa og miðlæg verkefni:

1. Bókmenntavefurinn – verið er að yfirfara allar færslur, sjá hvað vantar inn á höfunda og bæta nýjum höfundum við. Nokkrir starfsmenn hafa þetta sem verkefni meðfram öðru úti í söfnunum sem og starfsmenn sem þurftu að vinna að heiman
2. Rafbókasafnið – bætt við nýjum titlum, mikil aukning á notendum
3. GoPro og sameign, átak í: skjalavörður
4. Skráning og Gegnir: Hali sem hefur myndast unnin upp og safnefni skráð sem hefur setið á hakanum. Tiltæktarvinna í Gegni vegna nýs bókasafnskerfis sem tekið verður upp á næsta ári og flutningur undirbúinn yfir í það.
5. Innkaup, skráning, tenging og miðlun/dreifing safnkosts.
6. Alls kyns utanumhald varðandi starfsmenn og fleira. Passað upp á starfsmannahópinn.
7. Afgreiðsla alls konar fyrirspurna.
8. Bókun tekna og reikningagerð, millifærslur og leiðréttingar. Samþykkt reikninga. Skjalavarsla.
9. Innkaup og þrif.



Borgarbókasafnið Sólheimum - enn lokað, opnar 2. júní





Framkvæmdir í BBS Spönginni



Gerðuberg – breytingar á starfsmannaaðstöðu – nýtt fundarherbergi. Tiltekt í geymslum



DÆMI UM VERKEFNI Í COVID


BBS Gerðubergi:

1. Flutningur skrifstofa: Lýkur fyrir páska.
2. Fínröðun, grisjun og þrif á safni.
3. Fínröðun og grisjun í geymslu
4. Tiltekt í geymslu – þ.m.t. sameiginlegri geymslu fyrir öll söfn BBS
5. Endurskipluagning á framsetningu bókakosts - tilfærsla innan safns.
6. Skipulagning á sumarhátíð fyrstu helgina í júní
7. Skipulagning vegna sýninga sem fara upp í maí og júní
8. Undirbúningur fyrir Vigdísarverkefnið.
9. Svanhildur og Vignir vinna í bókmenntavef

Verkefnastjóri rafrænnar þjónustu:

1. Taka saman tölur úr sjálfsafgreiðslu sem höfðu safnast upp. Klára að vinna það upp í dag svo að þetta komist í eðlilegan farveg.
2. Klára snertiskjána. Þeir eru flestir tilbúnir en á eftir að fara með í söfnin og staðsetja. Fer með þá öðru hvoru megin við páska.
3. Vinna í „local content“ safnkosti Rafbókasafnsins. Lestu.is, Opin vísindi, Stjórnarskrárfélagið o.fl. sem liggur fyrir í því. Verkefni sem lýkur ekki en næsta törn með lestu.is og Stjórnarskrárfélagið ætti að klárast fyrir páska.
4. Rafbókasafnið „local content“ – Opin vísindi (áætluð lok maí 2020)
5. Tölva fyrir Okið (lok apríl 2020)
6. Fara yfir og laga texta á erlendum málum í sjálfsafgreiðsluvélum.
7. Útbúa gestakönnun fyrir haustið. Setti hana á ís í bili þegar henni var frestað en það væri ágætt að vinna hana eitthvað fyrirfram (lok haust 2020)
8. Kanna stöðuna á Kanopy
9. Taka saman tölur úr Naxos
10. Útboðsmál fyrir sjálfsafgreiðslu og opin bókasöfn





Gerð kynningarmyndabanda fyrir Tilraunaverkstæðið í Gerðubergi og Grófinni

Breytingar í Grófinni



DÆMI UM VERKEFNI Í COVID

BBS Grófinni:

1. Unnið að tilfærslum og breytingum innan safnsins (tilfærsla deilda, afgreiðsluborða, tímarita, gestatölva ofl). Þetta er risaaðgerð og koma margir starfsmenn að verkinu).
2. Undibúningur viðburða fyrir börn og unglinga út árið
3. Skráning safnkosts í deildir
4. Skráning nýs efnis og gjafa-safnkosts
5. Tiltekt í gagnagrunni (undirbúningur að yfirfærslu í nýtt kerfi)
6. Grisjun á safnkosti ýmissa deilda
7. Gerð kynningarefnis og bókarúlla fyrir vefsíðu og rafráskafnið
8. Gerð efnis fyrir samfélagsmiðla
9. Undirbúningur, hugmyndavinna og skipulag í tengslum við smiðjur sem sendar eru út á netinu / facebook
10. Símasvörun
11. Tiltekt í rafrænum gögnum (skjölun og grisjun)
12. Gerð leiðbeininga fyrir nýja starfsmenn



Breytingar í Grófinni. Tónlistardeild flutt til, unglíngadeild komin á 5. hæð, afgreiðslu breytt á fimmtu, tímarit á nýjum stað, tölvur fyrir almenning á fyrstu.



Sumarsmíða 9-16 ára | Tónlistarsmíða Sólheimum
Sumarsmíða 9-12 ára | Vísindasmíða FULLSKÓL
VELKOMIN
WELCOME
17 pm

Hipphopp, raftónlist og kynfræðsla

Það verður líf og fjör í nýju upplifunarrými unglinga, OKinu, í Gerðubergi í sumar þegar Borgarbókasafnið kemur til móts við óskir ungmenna með ókeypis sumarsmiðjum sem mæta áhugamálum þeirra.

Dördis Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Við erum æsispennt fyrir sumrinu og því að fá líf í húsið á ný. Krakkana þyrstir í að koma og við að fá þau," segir Guðrún Baldvinsdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarbókasafninu.

Hún er stódd í menningarhúsinu Gerðubergi í Efra-Breiðholti þar sem verður hörkufjör í sumar og ókeypis smiðjur fyrir ungmenni á aldrinum 12 til 16 ára í upplifunarrýminu OKinu.

„OKið er nýtt upplifunarrými þar sem ungmenni geta lært, skapað, fíktað, átt í samtali eða einfaldlega hangið og verið í einrúmi. Rýmið er ætlað ungmönnum og hafa þau tekið virkan þátt í þróun og framkvæmd verkefnisins," upplýsir Guðrún um OKið sem er styrkt af Barnamenningsráði.

Ungmenni í Breiðholti tóku þátt í rýnihópavinnu og voru þau spurð hvað þau vildu gera sér til dundurs og hvernig þau vildu hafa upplifunarrýmið. Meðal þess sem unglíngarnir vildu sjá í OKinu var svið, hellar, sjónvarp, krotveggur, iPad-spjaldtölvur og bækur, sem þó þarf ekkert endilega að lesa.

„Við litum á OKið sem tilraun til að sjá hvað menningarstofnanir eins og okkar geta boðið unglíngum upp á. Bókasöfn eru ekki lengur staðir sem geyma eingöngu

bækur, heldur staður fyrir fólk á öllum aldri og við erum að reyna að brjóta upp þetta hefðbundna hlutverk sem bókasafnið hefur," segir Guðrún.

„Einmitt þess vegna tengjast smiðjurnar bókum lítið og er fyrsta sumarsmiðjan borðspilagerð sem tengist hugmyndafræði sem við vinnum eftir í gerð rýmisins, að búa til leik út frá því sem við gerum dagsdaglega. Embla Vigfúsdóttir leikjahönnuður og einn af hönnuðum OKsins er umsjónarmaður borðspilasmiðjunnar. Markmiðið með smiðjunni er að ungmennin búi til sína eigin leiki inni og úti."

Sumarið tími nýrra upplifana

OKið var formlega opnað í janúar. Í samstarfi við skólana var unnið með þema byggt á stafrænu skáldsögunni Norður eftir danska höfundinn Camilla Hübbe, um norræna goðafræði og samband manns og náttúru.

„Starfið var rétt að komast í gang þegar kórónuveiran blossaði upp og við þurftum að loka safninu en við ætlum að vinna það upp í sumar og bjóða upp á æðislegar sumarsmiðjur. Sumarið kemur til með að verða ódrúvisi en venjuleg sumur því landsmenn fara minna til útlanda og unglíngarnir fá kannski ekki allir vinnu. Þá er fátt betra en að prófa nýjar upplifanir," segir Guðrún kát.

Unglíngar í Breiðholti áttu sjálfir hugmyndir að öllum smiðjunum



„Áhuginn er mikill. Því þarf að bregðast fljótt við og fyrstir koma, fyrstir fá."

sem eru vitaskuld opnar ungmönnum af öllu landinu.

„Efni smiðjanna er fjölbreytt og þær verða unnar í samvinnu við listafólk og aðra samstarfsaðila safnsins. Þar má nefna raftónlist, kynlíf og kynheilbrigði, spuna, gamlar flikur fá nýtt líf og hipphopp-dans. Meðal leiðbein-

enda eru Indiana Rós Ægisdóttir kynfræðingur, Danssskóli Brynju Péturs, fatahönnuðurinn Tanja Huld Levý og spunaleikararnir Steiney Skúladóttir og Pálmi Freyr Hauksson," upplýsir Guðrún.

Smiðjurnar verða ýmist á morgnana, frá klukkan 10 til 12, eða frá klukkan 13 til 15. Fyrsta smiðjan verður vikuna 15. til 19. júní en vikuna á undan, 8. til 12. júní, verður Borgarbókasafnið með smiðjur fyrir börn á aldrinum 9 til 12 ára í öllum söfnum, þar á meðan ritsmiðjur, rapptextagerð með Kött Grá Pje, raftónlist og vísindasmiðjur með Sævari Helga. „Áhuginn er mikill og aðeins

örfá pláss eftir. Þáttaka er ókeypis en þó er á skráningu þar sem pláss er takmarkað. Því þarf að bregðast fljótt við og fyrstir koma, fyrstir fá. Um nýliðna helgi varð strax mikið um skráningar en þótt fullt sé í sumarsmiðjurnar viljum við samt að fólk hafi samband við okkur því við viljum endilega sjá áhugann. Þá getum við mögulega bætt við fleiri smiðjum þegar liður á sumarið," segir Guðrún.

Skráning í sumarsmiðjurnar fer fram á heimasíðu Borgarbókasafnsins. Þar má líka sjá allar sumarsmiðjur í boði Borgarbókasafnsins: borgarbokasafn.is/sumarsmidjur-borgarbokasafnsins

Guðrún Baldvinsdóttir verkefnastjóri og Embla Vigfúsdóttir leikjahönnuður og einn af hönnuðum OKsins.

FRETTABLAÐID/VALLI

Opnun 4. maí:

- 50 manns mega vera í hverju rými. Það þýðir að það mega t.d. vera 50 manns á hverri hæð í Grófinni og Gerðubergi svo dæmi séu tekin. Samgangur á milli 4. hæðar og aðalsafns verður áfram skert. Starfsmenn á 4ðu hæð munu ekki nýta sér kaffistofu á 6. hæð til að byrja með. Hægt er að telja inn í söfnin í gegnum hliðin og ættu öll söfn að vera komin með krækju á teljarana í sínu safni og þannig hægt að fylgjast með fjölda í húsi hverju sinni.
- Reynt skal eftir fremsta megni að tryggja 2ja metra á milli fólks.
- Stólum og sætum verður fækkað og reynt að hafa tvo metra bil á milli til að tryggja tveggja metra regluna.
- Skólahópar teljast ekki með í 50 manna reglunni. Það þýðir að skólabeikir og leikskólahópar mega gjarnan heimsækja söfnin og teljast þá ekki með heildinni en starfsfólk sem fylgir þeim teljast með. Þetta á ekki við um börn sem koma með foreldrum sínum, þau teljast með. Gott væri að beina þessu hópum á söfnin að morgni til.
- Leikföng, s.s. búningar, tuskudýr og þess háttar verða fjarlægð úr barnahornum.
- Helstu snertifletir verða þrífir reglulega: Almenningtölvur, borð fyrir gesti, hurðarhúnar, lyklaborð, posar, símar, sjálfsafgreiðsluvélar, handrið og þess háttar.
- Safngögn sem koma inn verða þrífir með sápuvatni eða sóttthreinsunarefni. Setja má í hillu eftir að yfirborðið er orðið þurrt.
- Handspritt og í sumum tilfellum hanskar, verður á sjálfsafgreiðsluvélum, við inngang safnanna og á snyrtingum (þar sem því verður við komið).
- Dagblöð og tímarit munu ekki liggja frammi. Ný tímarit verða lánuð út.
- Ekki verður boðið upp á kaffi í söfnunum.
- Skiladagur allra safngagna hefur verið framlengdur til 14. maí og engar dagsektir reiknaðar fram að þeim degi.
- Lánþegaskírteini verða framlengd um 6 vikur, eða þann tíma sem lokað var.
- Bókabíllinn Höfðingi keyrir ekki fyrst um sinn.
- Borgarbókasafnið Sólheimum verður áfram lokað vegna framkvæmda en opnar aftur innan skamms.
- Fólk er hvatt til að panta bækur á heimasíðunni og láta taka frá og sækja í afgreiðslu.